**Námsáætlun fyrir Bræðing - 8. - 10. bekkur**
**skólaárið 2025 - 2026**

**Kennari:** Guðrún, Karolina, Jóhanna, Manfred og Matthildur
**Tímafjöldi:** 10 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| **Vitadagar** | <u>Samfélagsgreinar</u><br>• Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaheill. | Umræður.<br>Verkefnavinna. | | Þátttaka í umræðum og tímavinnu.<br>Nemendur unnu að samfélagsverkefni að eigin vali. |
| **Ásatrú** | <u>Samfélagsgreinar</u><br>• Geta útskýrt gildi trúarbragða og lífsviðhorfa, borið saman og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa, samfélaga og sögu.<br>• Geta borið saman ólíkan bakgrunn og fjölbreytni fólks, fjallað um og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði.<br><u>Íslenska</u><br>• Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.<br>• Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi. | Nemendur frá fræðslu um Ásatrú. Nemendur velja sér sögu til að lesa og vinna kynningu á einni af sögunum úr bókunum. Að lokum er kynnt fyrir samnemendum. | Óðinn og bræður hans<br>Æsir á fljúgandi ferð<br>Kvikmyndin Goðheimar. | Hópavinna.<br>Kynningar. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Kjalnesingasaga** | <u>Íslenska</u><br>• Skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan hátt og lagt rökstutt og gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika.<br>• Lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi og borið saman við eigin samtíð.<br>• Haft vald á ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli og getur valið þá leið sem hentar tilgangi og lesendum.<br>• Lesið gamlar bókmenntir og gert sér grein fyrir einkennum Íslendingasagna.<br><u>Upplýsinga- og tæknimennt</u><br>• Geta valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreyttar upptökur og hljóðvinnslu.<br><u>Lykilhæfni</u><br>• Sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum.<br>• Unnð með öðrum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi. | Unnin verða einstaklingsverkefni jafnt og þétt á meðan lestri stendur. Unnið verður með tímalínu, ættartré og persónulýsingar úr sögunni. Einnig verður útbúið handrit ásamt stuttmynd sem unnin verður í hópavinnu. Hver og einn nemandi klippir sína eigin mynd. | Kjalnesingasaga<br>Árnastofnun<br>Snara<br>Canva | Verkefnamappa með ýmsum einstaklingsverkefnum. Einstaklingsverkefni og hópverkefni þar sem unnið verður handrit og stuttmynd úr atriði úr sögunni. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Mannslíkaminn** | Náttúrugreinar<br>• Beitt hugtökum og heitum í náttúruvísindum við fjölbreyttar aðstæður.<br>• Útskýrt gerð frumna, líffæri þeirra og starfsemi.<br>• Lýst hlutverki og samspili helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans.<br>• Ræðir kynheilbrigði, kynvitund, ábyrga hegðun í kynlífi, mikilvægi þess að virða mörk, tilfinningar og tilgang getnaðarvarna.<br>• Útkýrir hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð, líkamlegu og andlegu heilbrigði með ábyrgri neyslu, hegðun og samskiptum. | Við ætlum að taka frumur, vöðva, húð og bein fyrir þemadaga. Áherslan verður meira á bóklegu námi og kynningu. Eflaust eitthvað listræn útfærsla á þessum þáttum líkamans.<br>Eftir þemadaga eru innri líffæri og æðakerfi sem endar á krufningu. Svínalíffæri.<br>Við erum að hugsa hringekju fyrirkomulag með nokkrum stöðvum eftir þemadaga til að dekka allt sem við þurfum að fara yfir.<br>Grunnur á skýrslugerð.<br>Kynfræðsla gæti verið hluti af hringekju. Okkur vantar 2 hugmyndir | Mannslíkaminn | Umræðupunktar.<br>Hugtakavinna.<br>Sjálfsmat.<br>Jafningjarmat. |
| **Fjármálalæsi** | Samfélagsgreinar<br>• Geta skilið að skatt- og fjármálaumhverfi og lífskjör í samfélagi eru breytileg og þekkt þætti sem hafa áhrif á þau í alþjóðulegu samhengi.<br>• Geta sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum. | Nemendur læra um fjármál, skatta, laun og uppihald.<br>Nemendur læra á Google Sheets til að sjá um einfalt heimilisbókhald.<br>Unnið verður verkefni þar sem nemendur fá í hendurnar dæmi um fjölskyldu og þurfa að leysa fjárhagsvanda og halda þeim á lífi | Fjármál eru stórmál flettibók á mms | Einstaklingsverkefni<br>Hópverkefni |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • Geta tekið á ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.<br>Upplýsinga- og tæknimennt<br>• Geta valið og nýtt hugbúnað við gagnasöfnun, greiningu og framsetningu á tölulegum gögnum.<br>Stærðfræði<br>• Nýtir helstu hugtök fjármála, í tengslum við eigin fjármál, launagreiðslur, skatta og fjárfestingar og nýtir sér við útreikninga og úrlausnir verkefna daglegs lífs. | (sims?) Svipað verkefni og í sam í fs í gamla daga. | | |
| **Jólalota** | Samfélagsgreinar<br>• Geta fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.<br>• Geta túlkað frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims. | Nemendur fá fræðslu í trúarbrögðum.<br>Nemendur vinna og setja upp jólaleikrit sem verður flutt fyrir framan skólann.<br>Jólaálfar sem fara í stofur og bjóða upp á uppbrot í kennslu. | | Einstaklingsverkefni um trúarbrögð.<br>Hópverkefni með uppsetningu jólaleikrits.<br>Hópaverkefni jólaálfar. |
| **Rafmagnað líf** | Náttúrugreinar<br>• Útskýrt stöðurafmagn og tengsl rafmagns og segulmagns.<br>• Útskýrt einfaldar rafrásir.<br>• Beitt hugtökum og heitum í náttúruvísindum við fjölbreyttar aðstæður. | Rafmagn hefur gríðarlega mikil áhrif á hversdagslíf okkar. Verkefnin eiga að stuðla að því að nemendur kynnist rafmagninu út frá ýmslum hliðum. Rafrásin er í aðahlutverki og gera nemendur | Eðlisfræði 1, 2 og 3 | Hópverkefni<br>Einstaklingsverkefni |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • Sett fram vísindalega tilgátu og beitt margvíslegum vinnubrögðum til að kanna hana í þekkingaleit og úrvinnslu verkefna.<br><br><u>Upplýsinga- og tæknimennt</u><br>• Valið viðeigandi stafrænan stuðning markvisst við nám.<br>• Nýtt fjölbreyttan og viðeigandi tækjabúnað til menntunar og leyst tæknileg úrlausnarefni.<br><br><u>Lykilhæfni</u><br>• Leyst fjölbreyttar áskoranir á skapandi hátt.<br>• Nýtt sér leiðsögn, endurgjöf og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.<br>• Tileinkað sér og nýtt fjölbreyttan orðaforða og viðeigandi hugtök sem tengjast ólíkum viðfangsefnum. | tilraunir í TinkerCAD til að læra um hana.<br>Auk þess læra þau að gera skýrslur.<br>Nemendur læra grunnhugtökin spennu (Volt), straum (Ampere) og viðnám (Ohm). Tilgangurinn er að þau þekki helstu eiginleika rafmagns og átti sig á möguleikum þess svo og hættum sem geta fylgt rafmagni. | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Bókmenntir** | Íslenska<br>• Miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum.<br>• Horft á, hlustað og tekið eftir upplýsingum í fjölbreyttu efni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýninn hátt.<br>• Beitt ríkulegum orðaforða, fyrri þekkingu og reynslu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað fjölbreyttar aðferðir til að efla orðaforða sinni.<br>• Skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan hátt og lagt rökstutt og gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika.<br>• Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir.<br>• Beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum.<br>• Haft vald á ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli og getur valið þá leið sem hentar tilgangi og lesendum.<br>Upplýsinga- og tæknimennt | Skáldsaga | Akam, ég og Annika (10. bekkur)<br><br>Sólgos (8. Og 9.bekkur)<br>Nemendur fá aðgang að verkefnabók í gegnum Canva. | Umræðupunktar.<br>Hugtakavinna.<br>Hópverkefni.<br>Einstaklingsverkefni. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • Geta valið og nýtt hugbúnað við uppsetningu fjölbreyttra ritunarverkefna og ritgerða samkvæmt við miðum um uppsetningu og frágang.<br>• Geta valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreyttar upptökur og hljóðvinnslu | | | |
| **Árshátíð** | <u>List og verkgreinar</u><br>• Geti stjórnað hljóð- og ljósabúnaði.<br>• Unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistar/dans/tónlistarverkefnum.<br>• Valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla, greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni.<br>• Nýtt styrkleika sína við fjölbreytt verkefni og sköpun.<br>• Dansað, leikið, komið fram fyrir framan áhorfendur með tilfinningu fyrir þáttum eins og túlkun, augnsambandi, rými, líkamsbeitingu og kurteisisvenjum.<br>• Unnið í hópi að útfærslu hugmyndar og framsetningu. | <u>Leiklistahópur</u><br>Hópur fyrir nemendur sem vilja vera með atriði upp á sviði á árshátíðinni, búninga og förðun. Þurfa að ákveða, æfa og sýna atriði.<br>Mega vera nokkur atriði.<br><u>Sviðsmynd og skreytingar</u><br>Handverkshópur sem smíðar leikmynd fyrir atriðin sem verða á árshátíðinni.<br>Sér um skreytingar á veggjum og sviði.<br><u>Tæknihópur</u><br>Vinna í hljóðbúri, með ljósabúnað og annað tæknitengt á árshátíðnni. Unnið sem sviðsmenn við sviðsmynd milli atriða. Tekið þátt í skipulagi á árshátíðaratriðum. | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Nútíma stríð og átök** | <u>Samfélagsgreinar</u><br>• Nemandi getur aflað sér upplýsinga um samfélagið úr völdum textum, hljóð- og myndefni og sagt frá efninu.<br>• Nemandi getur vegið og metið upplýsingar og skoðanir úr heimildum á margvíslegu formi, myndað sér eigin skoðanir og tekið upplýsta afstöðu til málefna.<br>• Geta sett í samhengi, sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á atburðum, tímabilum, tildrögum og gangi mannkynnssögunnar.<br>• Geta útskýrt og metið hvernig sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögðum viljaverkum og tilviljunum.<br>• Geta sýnt fram á skilning á sögulegu og hugmyndafræðilegu samhengi atburða sem eiga sér stað í samtímanum á heimsvísu.<br><u>Samfélagsgreinar lykilhæfni</u><br>• Greint á milli áreiðanlegra og óáreiðanlegra miðla, áróðurs og upplýsinga.<br>• Valið traustar heimildir og sett upplýsingar fram með ólíkum hætti | Nemendur vinna í hóp og fá úthlutað atburði frá lokum kalda stríðsins til dagsins í dag. Nemendur þurfa að vinna að ítarlegri kynningu um atburðinn sem þeir kynna fyrir öllum hópnum á sal. Í kynningunni þarf að vera heimildaskrá | Frelsi og velferð (hluti úr bókinni)<br><br>Fólk á flótta<br><br>Lönd heimsins<br><br>Verður heimurinn betri? | Hópverkefni<br>Jafningjamat |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | eftir því sem við á hverju sinni á siðferðilega ábyrgan hátt.<br>Upplýsingatækni<br>• Geta nýtt leitarvélar, gagnabanka, gervigreind og önnur verkfæri á fjölbreyttan og siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar og skilji hvað liggur til grundvallar.<br>• Geta greint, borið saman og metið á gagnrýninn hátt trúverðugleika og áreiðanleika gagna, upplýsinga og stafræns efnis.<br>• Geta unnið með fjölbreyttar heimildir og metið áreiðanleika þeirra, virt höfundarrétt og almennt siðgerði í heimildarvinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðgerðum.<br>Íslenska<br>• Skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr.<br>• Geti aflað áreiðanlegra upplýsinga og heimilda um ákveðið efni og sagt frá með eigin orðum.<br>Íslenska lykilhæfni<br>• Sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum | | | |

<table>
<tr>
<td>Rafræn ferilmappa</td>
<td><u>Upplýsinga- og tæknimennt</u><br>• Geta valið og nýtt hugbúnað við gerð og framsetningu fjölbreyttra og gagnvirkra kynninga.<br><u>Lykilhæfni</u><br>• Skipulagt, ígrundað og borið ábyrgð á eigin námi.<br><br><u>Þau hæfniviðmið sem nemandinn velur að endurvinna</u></td>
<td>Nemandi útbýr rafræna ferilmöppu um bræðingsverkefnin sín og velur sér þá lotu og verkefni sem hann vill fá að endurgera. Spurning um að búa til Canva glærusýningu þar sem það eru shortcuts á glærunum til að fara á réttu glærur.</td>
<td></td>
<td>Einstaklingsverkefni.<br>Verkefni að eigin vali.</td>
</tr>
<tr>
<td colspan="5">Námsgögn: Unnið er í samþættingu við námsgreinarnar íslensku, ensku, náttúrugreinar, samfélagsgreinar, upplýsinga- og tæknimennt, list- og verkgreinar og lykilhæfni.</td>
</tr>
<tr>
<td colspan="5">Lokanámsmat:<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi jafnt og þétt yfir skólaárið með hæfnieinkunn. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C , D sem lokamat á námsgreininni.</td>
</tr>
</table>